

Árið 2002 þriðjudaginn 5. nóvember kl. 1.00 e.h. kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til 6. fundar að Óseyri 2 Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson setti fundinn. Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Sænes ehf Stórasvæði 8 Grenivík, sækir um leyfi fyrir breytingum á iðnaðarhúsi við Hafnargötu 1 Grenivík. Húsnæðið á að nota sem áhaldahús fyrir Grýtubakkahrepp og aðstöðu fyrir slökkvibíl og annan búnað slökkviliðs.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti enda verði skilað inn afstöðumynd og fullnaðarteikningum af öllu húsinu og umsögnum frá aðilum sem málið varðar.

2. Erindi frá Bergvin Jóhannssyni Áshóli Grýtubakkahrepp. Hann sækir um leyfi fyrir stækkun á íbúð efri hæðar á íbúðarhúsinu að Áshóli, með flutningi á austurvegg stigauppgöngubyggingar í norðausturhorni hæðar um 108 cm. Meðfylgjandi teikningar eru frá Teiknistofu Björns Jóhannssonar verk nr. H02002.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

3. Erindi frá Vilhjálmi G. Kristjánssyni Vestursíðu 5 e Akureyri. Hann sækir um leyfi fyrir frístundahúsi f.h. eigenda að landspildu úr jörðinni Leyningi Eyjafjarðarsveit. Meðfylgjandi teikning af húsinu er frá Aðalsteini V. Júlíussyni verk nr. 012102.

Erindið samþykkt að því tilskildu að skilað verði inn afstöðumynd og teikningin lagfærð til samræmis við athugasemdir slökkviliðsstjóra.

4. Félagsbúið Holtseli sf Eyjafjarðarsveit, óskar eftir samþykki byggingarnefndar fyrir breytingu á áður samþykktri teikningu frá 5. 9. 2001, af viðbyggingu við starfsmannahús að Holtseli. Framlagðar teikningar eru eftir Björn Jóhannsson og samþykkir nefndin þær, með fyrirvara um að teikningar verð lagfærðar til samræmis við athugasemdir slökkviliðsstjóra.

5. Í framhaldi að erindi nr. 2, frá Þórði Þórðarsyni Hvammi Arnarneshrepp, sem tekið var fyrir á fundi byggingarnefndar 15. okt. s.l. varðandi breytingu á hlöðu í legubásafjós og gjafaaðstöðu, sem byggingarnefnd gerði athugasemd við. Nú eru lagðar fram nýjar og breyttar teikningar þar sem fram kemur að breytingin nær einnig til eldra fjóss við hlöðuna.

Byggingarnefnd telur sig ekki geta hafnað erindinu, ef hönnuður getur sýnt fram á með viðeigandi gögnum að gamla fjósið sé endurbyggingarhæft. Einnig bendir nefndin á að flórsköfukerfi verði nokkuð flókið.

6. Fiskeldi Eyjafjarðar, óskar eftir leyfi fyrir viðbyggingu, tækjarými við hús fyrirækisins á Hjalteyri samkvæmt ófullgerðum teikningum frá Verkfræðistofu Norðurlands verk nr. 232.0.003.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti, enda verði skilað inn fullnum teikningum og samþykki sveitarstjórnar.

7. Tekið fyrir bréf dags. 10. sept. 2002 frá sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar. Óskað er umsagnar byggingarnefndar á “Ölduhverfi,, deiliskipulagstillögu af blandaðri byggð íbúðarhúsa, sumarhúsa og orlofshúsa á jörðinni Kroppi Eyjafjarðarsveit. Byggingarnefnd fagnar þeim stórhug og áræði, sem framkvæmdaaðilar sýna með því að ráðast í slíkt verkefni. Það er álit nefndarinnar að hið skipulagða svæði sé vel staðsett með tilliti til þjónustu.

Byggingarnefnd og byggingarfulltrúi fóru og skoðuðu landssvæðið sem deiliskipulagið nær til, eftir að hafa kynnt sér skipulags og byggingarskilmála þess.

Hvað skipulag og skilmála varðar virðist gæta nokkurrar ónákvæmni eða óraunsæis í samræmingu, legu byggðar og kortagrunns, á þetta bæði við um halla á götum og legu þeirra í landinu. Má ætla að víða verði vetrarumferð erfið og jafnvel hættuleg vegna hallans.

Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir 130 frístundahúsum. Byggingarnefnd bendir á að byggðin er freka þétt og sumar lóðirnar í minna lagi. Einnig telur nefndin að stærðarmörk (allt að 120 fermetrar) þetta mikils fjölda húsa gefi tilefni til, að í einhverjum tilfellum verði um fasta búsetu að ræða.

Fráveitur og rotþrær vegna bústaða, eru óskýrar og þar gætir óraunsæis. Gert er ráð fyrir að rotþró verði við hvern bústað. Byggingarnefnd telur að rotþrær eigi að vera sem fæstar og ákveðin hverfi verði með sameiginlega rotþró.

Safnvegur, eða innkeyrsla af stofnbraut, hefur alltof lítið rými og er ófullnægjandi með tilliti til umfangs skipulagsins. Elilegt væri að tenging inn á svæðið yrði einnig norðanfrá t.d. af syðri afleggjara að Kristnesi.

Í Skipulags- og byggingarskilmálum er á nokkrum stöðum vísað í reglur Eyjafjarðarsveitar (snjómokstur, rotþrær) sem virðist stangast á við verklagsreglur, sem sveitarfélagið hefur sett um skipulag á vegum einkaaðila. Jafnframt væri ekki óðlilegt að í skipulags- og byggingarskilmálanum væri gerð betur grein fyrir ýmsum þáttum sem koma fram í fyrrgreindum verklagsreglum.

Fleira ekki gert og fundi slitið, kl. 4 síðdegis.

Hreiðar Hreiðarsson  
Kristján Kjartansson

Klængur Stefánsson  
Bragi Pálsson

Hermann Jónsson  
Jósavin Gunnarsson